

Nr. 8/1993. Þriðjudaginn 2. nóvember 1993.
Starfsmannafélag ríkisstofnana
f.h. Krístrúnar Sigurjónsdóttur
 (Gunnar Jónsson hdl.)
 gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
 (Gunnlaugur Claessen hrl.)

Staðgengilslaun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Guðmundur Skaftason og Eiríkur Helgason.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns Krístrúnar Sigurjónsdóttur, kt. 130458-2709, Álfheimum 36, Reykjavík, deildarþroskaþjálfar á sam-býlinu að Njörvasundi 2, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarholi, Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé skylt að greiða stefnanda staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 151-6 í kjara-samningi BHMR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins fyrir tímabilið 03.07.92-14.08.92 og fyrir bakvaktir o.fl. tímabilið 16.06.92-03.07.92.
2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostn- að samkvæmt mati dómsins, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðis- aukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og hon- um tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að einungis verði viðurkenndur réttur stefnanda til að fá greidd staðgengilslaun skv. þeim launaflokki, sem næstur kemst grunnlaunaflokki forstöðumanns, þ.e. launaflokki 249 samkvæmt samningi SFR. Ennfremur að málskostnaður verði felld- ur niður.

Til þrautavara er þess krafist að launaprep ráðist af þeim kjara- samningi, sem ræður launaflokki stefnanda. Í því tilviki verði máls- kostnaður felldur niður.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að stefnandi, Kristrún Sigurjónsdóttir, var ráðin hjá stefnda sem yfirþroskaþjálfari við sambýlið Njörvasundi 2 með ráðningarsamningi dagsettum 10. apríl 1991. Ráðningarsamningurinn var staðfestur af fjármálaráðuneyti hinn 22. apríl 1991 og þá með þeirri breytingu að starfsheiti var tilgreint sem deildarþroskaþjálfari með launaflokki 238 í stað 240. Forstöðumaður sambýlisins að Njörvasundi 2 er Ingólfur Hrafnkell Jónsson. Stefnandi tók að sér að gegna starfi forstöðumannsins tímabilið 03.07.92 til 14.08.92 sem staðgengill. Einnig leysti stefnandi forstöðumanninn af á bakvöktum o.fl. frá 16.06.92 til 03.07.92. Stefnandi tekur laun samkvæmt kjarasamningi SFR, launaflokki 238-6 sem deildarþroskaþjálfari. Í afleysingum fyrir forstöðumanninn var stefnanda borgað eftir launaflokki 243-6, sem er launaflokkaröðun forstöðumanna á samningi SFR. Forstöðumaður sambýlisins, sem stefnandi leysti af, ber launaheitið yfirfélagsfræðingur og er honum raðað í launaflokk 151-7 eftir BHMR samningi, sem gefur mun hærri laun en launaflokkur 243-6. Stefnandi telur sig eiga rétt til launa samkvæmt launaflokki forstöðumannsins, þ.e. launaflokki 151-6 eftir BHMR samningi, fyrir þann tíma sem stefnandi var í starfi forstöðumanns.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að ágreiningslaust sé með aðilum að um kaup og kjör stefnanda fari eftir kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra frá 1. maí 1992. Þá sé ágreiningslaust að stefnandi gegni ekki launuðu staðgengilsstarfi og hafi því grein 9.3. í kjarasamningnum átt við um rétt hennar til launa meðan hún gegndi staðgengilsstarfinu. Skilningur stefnanda á greininni sé sá að stefnandi eigi rétt til launa samkvæmt launaflokki þess sem hún leysi af. Dómur Félagsdóms þann 30.12.91 í máli nr. 6/1991 kveði á um að ríkisstarfsmaður, sem eigi undir kjarasamning SFR, eigi fortakslaust að taka laun samkvæmt launaflokki þess starfsmanns er hann leysi af samkvæmt grein 9.3. í kjarasamningnum. Fjármálaráðuneytið vilji hins vegar gera undantekningu á hér vegna þess að staðgengillinn og yfirmaðurinn séu hvor í sínu stéttarfélaginu og þiggi því laun eftir mismunandi kjarasamningum. Það skilyrði sé hins vegar hvergi að finna í kjarasamningi SFR og ríkisins, hvorki í grein 9.3. né annars staðar. Bæði staðgengillinn og yfirmaðurinn séu ríkisstarfsmenn og vinnuveitandinn sé því sá sami. Það sé því ekkert

sem hindri að staðgengillinn geti tekið laun samkvæmt kjarasamningi yfirmanns, svo sem grein 9.3. í kjarasamningi SFR og ríkisins bjóði fortakslaut. Því hljóti stefnandi í þessu máli, rétt eins og stefnandi í Félagsdómsmáli 6/1991, „samkvæmt afdráttarlausu orðalagi greinar 9.3.1. í gildandi aðalkjarasamningi SFR og stefnda taka laun eftir launaflokki yfirmanns, . . .“.

Algengt sé að samstarfsmenn hjá ríkisstofnunum njóti kjara samkvæmt mismunandi kjarasamningum. Staðgengilsstaða þar sem tveir kjarasamningar skarist sé því hvorki óvanaleg né ófyrirsjáanleg. Tekið er fram að aðrir kjarasamningar ríkisstarfsmanna hafi lengi haft sambærileg ákvæði. Þegar ríkið semji fortakslaut í kjarasamningi um að greiða starfsmanni laun samkvæmt launaflokki þess sem hann leysi af í staðgengilsstörfum hljóti að vera átt við raunveruleg laun yfirmannsins samkvæmt launaflokki yfirmannsins. Annar aðili kjarasamnings geti ekki upp á sitt eindæmi breytt honum eins og stefndi vilji gera hér. Hefði átt að fara um laun staðgengla á þann hátt sem stefndi telur hlyti áskilnaður um slíkt að verða að koma fram í kjarasamningnum. Fram að ofangreindum dómi hafi sá skilningur er ríkið vilji nú leggja í grein 9.3., ekki komið fram. Ríkið hafi hins vegar áður reynt að fara á svig við kjarasamningsákvæðið m.a. með því að beita svokallaðri 7 flokka reglu, sem felld hafi verið úr gildi með fyrrnefndum dómi Félagsdóms. Ríkið hafi einnig tekið þá afstöðu að staðgengilslaun, þegar staðgengill sé í SFR en yfirmaður í BHM, séu að fullu greidd með því að greiða laun yfirmanns, að frádregnum 5%. Þessum skilningi hafi verið mótmælt af SFR. Greina megi ákveðið ferli hjá ríkinu, þar sem leitast sé við að losna undan grein 9.3. í kjarasamningum við BSRB, sem hafi verið efnislega óbreytt frá árinu 1977. Óviðunandi sé að annar aðili kjarasamningsins breyti samningnum þvert á hljóðan hans. Því sé þess krafist að fjármálaráðuneytið greiði stefnanda full laun yfirmanns síns þann tíma sem hún hafi gengt störfum hans.

Stefnandi byggir á gildandi kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1.5. 1992, grein 9.3., sem hljóðar svo: „Starfsmaður, sem ekki er í stöðu staðgengils yfirmanns, en er falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars herra launaðs starfsmanns, skal taka laun eftir launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans.“

Málskostnaðarkrafan er reist XXI. kafla eml. nr. 91/1991 og einnig 65. gr. laga nr. 80/1938. Við ákvörðun málskostnaðar þurfi að taka tillit til áhrifa virðisaukaskatts á lögmannspjónustu sem stefnandi kaupir, þar sem stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna skattsins.

Starfsmannafélag ríkisstofnana rekur málið fyrir hönd félagsmanns síns samkvæmt heimild í 27. gr. 1. nr. 94/1986. Málið er rekið fyrir Félagsdómi samkvæmt heimild í 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram varðandi málavexti að í gildistíma kjarasamninga fyrir 1987 hafi einungis gilt tvær launatöflur ríkisstarfsmanna. Hafi önnur gilt fyrir félög innan BSRB, en hin fyrir félög innan BHMR. Um þetta er vísað til 5. og 6. gr. þágildandi laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 7. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga BSRB. Samkvæmt þessum lagaákvæðum hafi heildarsamtökin samið um launatöflur og meginviðmiðanir við röðun í launaflokka. Einstöku félög hafi síðan átt að útfæra launaflokkaröðun í sérkjarasamningum sínum. Með lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi samningsumboð að öllu leyti verið sett í hendur hinna einstöku félaga í stað heildarkjarasamninga bandalaganna áður. Í samræmi við þetta semji nú hvert einstakt félag m.a. um sína eigin launatöflu. Nú sé svo komið að í stað þess að launatöflur séu einungis tvær séu þær orðnar a.m.k. 25. Að þessu leyti sé staðan orðin gjörbreytt frá því sem hún hafi verið í gildistíð þeirra gömlu kjarasamninga, sem stefnandi hafi lagt fram. Hver samningur sé með sínu móti. Erfitt sé að finna samsvörun milli launaflokka og launaþrepa milli kjarasamninga. Þess sjáist dæmi í þeim kjarasamningum sem hér um ræðir, annars vegar kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana, sem er innan BSRB og hins vegar Félags íslenskra félagsvísindamanna, sem er innan BHMR. Í kjarasamningi SFR sé sérhverju starfsheiti raðað í launaflokka, en í hinum samningnum sé ekki um það að ræða að starfsheitum sé raðað sérstaklega, heldur séu þar almenn launaheiti með skilgreiningum. Verði síðan að meta hvernig starf falli hverju sinni undir ákveðna skilgreiningu í samningnum. Samkvæmt hinum fyrrnefnda kjarasamningi ráðist réttur til launaþreps af starfsreynslu. Samkvæmt hinum síðari af því, hvenær fyrsta háskólaprófi væri lokið.

Samkvæmt framansögðu byggir stefndi á því sjónarmiði að sé

yfirmaður í öðru félagi en sá sem leysir af, sé í raun ókleift með öllu að raða staðgengi í launaflokk samkvæmt sínum eigin kjarasamningi þannig að hann fái sömu krónutölu og yfirmaður. Að þessu leyti sé staðan gjörbreytt frá því, sem áður hafi verið. Í því máli, sem dæmt hafi verið í Félagsdómi 30. desember 1991 hafi verið um það að ræða að staðgengill og yfirmaður hafi tekið laun samkvæmt sama kjarasamningi. Í því máli, sem hér sé til úrlausnar sé því ekki svo farið. Þegar af þeirri ástæðu geti sá dómur ekki verið til leiðsagnar um úrlausn málsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á eftirgreindum málsástæðum:

a) Í því kjarasamningsákvæði, sem deilt er um sé gert ráð fyrir að starfsmaður taki laun samkvæmt launaflokki hins forfallaða starfsmanns. Ekkert sé minnst á að hann skuli taka laun samkvæmt kjarasamningi hans. Ekki sé þar heldur minnst á launaþrep. Eftir dóm Félagsdóms 30/12 1991 hafi staðgengilslaunum eins og áður verið hagað svo að staðgengli sé haldið inni á sínum kjarasamningi á sinni eigin launatöflu. Launaflokkur sé hins vegar ákveðinn sá sem næst komist launaflokki yfirmanns. Þetta sé hins vegar ekki gert, ef starfinu sé sérstaklega raðað í kjarasamningi viðkomandi staðgengils, þ.e. að starfsheiti yfirmannsins sé jafnframt raðað þar í launaflokk. Við þær aðstæður sé staðgengill settur í hinn umsamda launaflokk. Í tilfelli stefnanda sé þannig beinlínis um það samið í kjarasamningi SFR, hver laun stefnandi skuli taka, leysi hún yfirmann sinn af hólmi og gegni forstöðumannsstarfi á sambýli fatlaðra. Því til enn frekari áréttingar er vakin athygli á því að hinn 15. mars sl. hafi stefnandi ráðist til starfa sem forstöðumaður sambýlis að Tindaseli 1, Reykjavík. Í samræmi við kjarasamning SFR sé stefnanda þar raðað í launaflokk 243, þ.e. hinn sama og hún hafi tekið laun eftir meðan hún leysti forstöðumann sambýlisins að Njörvasundi 2 af í forföllum hans sumarið 1992.

b) Verði ekki á þetta fallist er því engu að síður haldið fram af stefnda að niðurstaðan verði hin sama, þ.e. sýkna. Í 2. mgr. ráðningarsamnings stefnanda segir svo: „Um launagreiðslur, launaflokk og starfsaldur til launa fer eftir því sem í samningi þessum greinir og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan ... enda sé starfið á samningssviði stéttarfélagsins ...“ Stéttarfélag það sem hér um ræðir sé SFR. Það sé þannig alveg ljóst að samkvæmt ráðningarsamningi stefnanda fari um kjör hennar samkvæmt

kjarasamningi eigin stéttarfélags, þ.e. SFR. Forstöðumannsstarfinu sé, rétt eins og eigin starfi stefnanda, raðað innan samnings SFR og sé á samningssviði þess stéttarfélags. Ráðningarsamningurinn taki því af öll tvímæli, að hvað sem öðru líði geti stefnandi aldrei átt kröfu til launa samkvæmt kjarasamningi annars stéttarfélags. Slíkt væri enda eðli máls samkvæmt afar óeðlileg niðurstaða, enda hafi slíkt félag aldrei tekið að sér að semja um laun fyrir stefnanda, hvorki tímabundið né til lengri tíma.

Varðandi þrautavarakröfu sem snýr að launaþrepi er eftirfarandi tekið fram: Það kjarasamningsákvæði, sem stefnandi beri fyrir sig fjalli um launaflokk. Um launaflokka sé fjallað í grein 1.3. í kjarasamningi SFR, en um launaþrep sé nú fjallað í grein 1.2. í kjarasamningi SFR. Röðun í launaþrep ráðist ekki af sömu atriðum og röðun í launaflokka markist af og mismunandi sjónarmið séu þar lögð til grundvallar eftir kjarasamningum. Stefnanda yrði raðað í launaþrep 5 miðað við starfstíma og menntun við töku staðgengils-launa forstöðumanns samkvæmt kjarasamningi hans.

Niðurstaða:

Ágreiningslaust er með aðilum að um kaup og kjör stefnanda fari eftir kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra frá 1. maí 1992. Þá er ágreiningslaust að stefnandi gegndi ekki launuðu staðgengilsstarfi og óumdeilt er einnig það tímabil sem launakrafa stefnanda tekur til. Þá er ekki á því byggt í málinu að forstöðumaður Sambýlisins við Njörvasund, Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson, hafi ekki verið til þess bær að fela stefnanda, Kristrínu Sigurjónsdóttur, staðgengilsstörf þau er í málinu greinir.

Í gr. 9.3. í framlengdum aðalkjarasamningi ríkisins við Starfsmannafélag ríkisstofnana segir að starfsmaður sem ekki sé í stöðu staðgengils yfirmanns, en sé falið að gegna störfum yfirmanns í forföllum hans eða störfum annars herra launaðs starfsmanns, skuli taka laun skv. launaflokki hins forfallaða starfsmanns þann tíma, er hann gegnir starfi hans. Skýra ber þetta ákvæði svo að staðgengli beri þau laun, sem hinn forfallaði yfirmaður eða starfsmaður naut samkvæmt launaflokki og launaþrepi síns stéttarfélags. Vegna hins fortakslausa orðalags ákvæðisins þykir mismunandi stéttarfélagsaðild og launakjör ekki skipta máli. Því geta lakari kjör samkvæmt ákvæðum í ráðningarsamningi starfsmanns, eins og stefndi byggir á, heldur eigi svipt hann rétti samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags

hans eftir gr. 9.3., sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl.

Ber því samkvæmt framansögðu að fallast á að stefnda sé skylt að greiða stefnanda umkrafin staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 151-6 í kjarasamningi BHMR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins fyrir tímabilin 3. júlí 1992 til 14. ágúst 1992 og 16. júní 1992 til 3. júlí 1992.

Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 60.000. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að greiða stefnanda, Kristrínu Sigurjónsdóttur, umkrafin staðgengilslaun samkvæmt launaflokki 151-6 í kjarasamningi BHMR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins fyrir tímabilin 3. júlí 1992 til 14. ágúst 1992 og 16. júní 1992 til 3. júlí 1992.

Stefndi greiði stefnanda kr. 60.000,- í málskostnað.
